„Jú, þegar ég byrjaði undirbúninginn fyrir meðferðina fór ég að stunda gönguferðir af kappi í hverfinu heima. Á Reykjalandi byrjaði ég svo að synda og fara í tækjasal og iðka alls konar leikfimi. Í tengslum við það lærði ég jafnframt slökun, sem er líka afar mikilvægur þáttur í þessu öllu saman. Svo var mikið verið að ræða málin, skiptast á reynslusögum og þeir sem þurftu á viðbótarstuðningi að halda bauðst að ræða við sálfræðing eða félagsráðgjafa. Öll þessi þjónusta er á staðnum og mér þótti þetta alveg yndislegur tími. Eina sem mér þótti í rauninni leitt var að geta ekki verið þarna meira. Meðferðin stendur reyndar yfir í tvö ár og ég er enn í sambandi við fólkíð á Reykjalandi. Ég er bara hálfnuð núna.“

Og hvernig er staðan hjá þér núna?

„Frá upphafi hef ég grennst um 34 kíló. Ég er ekki beint með ákveðið markmið um hvað ég ætli að losa mig við mörg kíló og man hreinlega ekki hver mín kjörþyngd er. Það er ekki beint lögð áhersla á að missa eitthvern ákveðinn



kílóafjölda, heldur að komast í heilbriggt ástand fyrir mann sjálfan. Bæði andlega og líkamlega. Núna hef ég reyndar alveg staðið í stað í nokkra mánuði. Ég er í námi og hef verið mjög önnur kafni í því um langt skeið og þá vill slakna á aðhaldinu varðandi mataræðið. Ég held þó áfram að hreyfa mig, en það virðist oft vera þannig að þegar fólk fer út af sporinu hættir það að hreyfa sig og síðan klikkar mataræðið. Ég hef sem betur fer ekki bætt á mig, en finnst núna kominn tími til að halda áfram á saxa á kílóin.“

Ertu þá núna í kringum 100 kílóin?

„Já, og langar til að léttast alla vega um 10–15 kíló í viðbót. Þess ber að geta að þegar ég sótti um í upphafi var það til þess að komast í hjáveituskurðaðgerð á Landspítalanum. Ég hafði unnið með tveimur konum sem höfðu farið í slíka aðgerð og vegnað mjög vel eftir hana. Maður þarf fyrst að fara í gegnum ákveðið prógramm til að komast í slíka aðgerð, en þegar ég sá árangurinn af breyttum lífstíl eftir eitt ár hætti

ég við að fara í aðgerðina. Tvær úr mínum hópi ákváðu að fara í aðgerð og restin ekki. Þær fóru í aðgerð nú í sumar og það gekk vel og þeim líður vel og eru ánægðar með árangurinn. Ég er hins vegar mjög fegin að hafa ákveðið að fara ekki. Aðgerðin er ekki töfralausn og ég hef séð fólk sem hefur aftur orðið mjög feitt eftir hana. Aðgerðin hjálpar fólki við að losna fljótt við kílóin en gerir í sjálfu ekki fólk tilbúið til að lifa öðruvísi en það hefur gert – og það er það sem oftast klikkar. Ég tel að til lengri tíma litið henti mér betur að einbeita mér að breyttum lífstíl.“

Lífsgæði er lykilorð í meðferðinni; hafa þín lífsgæði aukist síðan þú byrjaðir í henni?

„Já, mér finnst ég vera miklu öruggari með sjálfa mig.“

Skammaðistu þín fyrir sjálfa þig áður?

„Já, offitan hefur þau áhrif, þótt ég hafi aldrei verið beinlínis feimin. Og þegar ég lít núna til baka sé ég til dæmis að ég var farin að forðast að stunda útivist með fjölskyldunni. Ég fór alveg með í ferðalög og rétt steig út úr bílnum á meðan þau hlupu upp á næsta fjall. Ég fann þó ekki mikið fyrir því að ég gæti þetta í sjálfu sér ekki, en ég gerði það bara ekki. Svo eigum við hesta, en ég hef ekki farið á bak í 15 ár, en stefni eindregið að því að byrja á því aftur.“

Hvaða áhrif hefur þetta haft á fjölskyldulífið – hafa hin samþykkt þær lífsstílsbreytingar sem þú hefur þurft að gera?

„Já, enda er það ég sem elda,“ segir Harpa og hlær. „Og börnin eru bara ótrúlega stolt af mömmu sinni. Þetta hefur gengið mjög vel. Ef þau fá sér nammi eða snakk þá fæ ég mér bara eitthvað annað. Eins og ég segi þá borða ég í rauninni allt en bara miklu minna af því en áður og gæti þess að innbyrða ekki fleiri kaloríur yfir daginn en ég nauðsynlega þarf.“

En ertu ekki orðin meðvitaðri um ábyrgð þína á mataræði barna þinna?

„Jú, og þetta er alveg rætt við matarborðið hjá okkur. Ég hef reyndar alltaf verið hrifin af græmeti og ávöxtum, en núna hef ég bara miklu meira af því á boðstólum en áður. Og þau borða það alveg líka. Elsta dóttir mín er kannski ekkert voða spennt fyrir því en fær sér alltaf líka og það er bara fínt. Svo skiptir líka miklu máli að læra að lesa innihaldslýsingar matarpakninganna úti í búð. Það þyrfti hreinlega að kenna það í grunnskólanum. Þetta er þvílíkur frumskógur en rosalega gaman þegar maður fer að pæla í því hvað við erum að láta ofan í okkur mikið af bulli.“

Þannig að mataræði fjölskyldunnar er mikið breytt, ekki bara í magni heldur innihaldi líka?

„Já, samt held ég að þau finni ekki svo mikinn mun. Ég baka alveg pítsur öðru hvoru og við grillum hamborgara á sumrin. Ég er að vísu hætt að taka slátur en kaupi einn og einn pakka öðru hvoru.“



Fjölskyldan: Harpa, Karen Dögg, 14 ára, Vilhjálmur Ásgrímur Sveinsson, Helena Mjöll, 7 ára, og Hlynur Snær, 9 ára


Hafðirðu prófað marga megrunarkúra áður en þú fórst á Reykjalund?

„Ég hef verið að ströggla við þetta frá því áður en ég varð feit fyrir alvöru. Ég fór að fitna strax sem unglingur og ég lét meira að segja einu sinni spengja saman á mér tennurnar, loka á mér munnum í einhvern tíma. Í öllum þessum kúrum hrynja af manni kílóin, það vantar ekki, en þau koma bara jafnharðan aftur þegar kúrnun sleppir og oft alveg tvöfalt. Já, „átakskúrarnir“ eru fleiri en ég man eftir og virkuðu aldrei til lengri tíma.“

Er þetta þá spurning um aðhaldið sem þú færð á Reykjalund?

„Mér finnst mikið atriði að þetta skuli vera hópmeðferð sem stendur yfir í langan tíma. Maður er í reglubundnu sambandi við teymið á Reykjalundi og einnig fólkið í hópnum sem gerir að verkum að maður er mjög innstílltur á að ná árangri, mann langar til þess allan þennan tíma.“

En hvað heldurðu að gerist þegar árin tvö eru liðin og meðferðinni lýkur?

„Ég veit það ekki, viðurkennir Harpa en segist um leið líta björtum augum til framtíðarinnar. „Þótt margt geti virst erfitt í upphafi meðferðar, þá hef ég komist að því að lausnin er í sjálfu sér einföld: að passa sig á að borða ekki meira í hvert mál en manni er hollt og hreyfa sig reglulega.“ 

Pegar ég sá árangurinn af breyttum lífstíl eftir eitt ár hætti ég við að fara í aðgerðina.

Pökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning við málstað SÍBS

Flateyri

Sytra
Ólafstúni 2

Suðureyri

Berti G.
Eyrargötu 4

Patreksfjörður

Flakkarinn
Brjánslæk
Gistiheimilið Bjarkarholt
Barðaströnd
Oddi
Eyrargötu 1
Vestmar
Sigtúni 1

Tálknafjörður

Allt í járnum
Móatúni 6
Sundlaugin Tálknafirði
Miðtúni 1
TV - Verk
Strandgötu 37

Hólmavík

Strandabyggð
Hafnarbraut 19

Hvammstangi

Aðaltak sf.
Höfðabraut 11
Steyrustöð Hvammstanga
Melavegi 2
Veiðifélag Arnarvatnsheiðar og
Tvídægur
Staðabakka 1
Veitingaskálinn Víðigerði
Víðigerði, Víðidal
Vertinn
Norðurbraut 1

Blönduós

Blönduból - gistihús - Ljón
norðursins - kaffihús
Blöndubýggð 9
Grettir sf, fjölrítunarstofa
Þverbraut 1

Skagaströnd

Marska
Höfða
Vík
Hólabraut 5

Sauðárkrúkur

Fisk - Seafood
Eyrarvegi 18
Héraðsbókasafn Skagfirðinga
Faxatorgi
Hótel Tindastóll - Norðar
Lindargata 3
Króksverk
Borgarröst 4
K-Tak
Borgartúni 1
Stöð - verkfræðistofa
Aðalgötu 21
Verslun Haraldar Júlíussonar
Aðalgötu 22

Varmahlíð

Ferðaþjónustan Steinsstöðum
Steinsstöðum
Hestasport - Ævintýraferðir
Varmahlíð - Vegamót
Langamýri fræðslusetur
Löngumýrarskóla

Siglufjörður

Fiskbúð Siglufjarðar
Aðalgötu 27

Akureyri

Baldur Halldórsson
Hlíðarendi

Bifreiðaverkstæði Bjarna
Sigurjónssonar
Laufásögðu 5

Bókend

Tryggvabraut 1
Bókhaldsþjónusta Birgis
Marínóssonar
Gránufélagsgötu 4

Centro

Hafnarstræti 97

Eining lóða

Skipagötu 14

Endurhæfingarstöð Sjálfsbjargar

Bugðusiðu 1

Félag hjartasjúklinga á

Eyjarfjarðarsvæði
Hringteigi 1

Félagsbúíð Hallgilsstöðum

Hallgilsstöðum

Framtíðareign

Hafnarstræti 88

Golfvöllurinn Þverá

Þverá, Eyjarfjarðarsveit

J.M.J. herrafataverslun

Gránufélagsgötu 4

Miðstöð

Draupnisgötu 3g

Plastiðjan Bjarg - lóðjulundur

Furuvöllum 1

Raftákn

Glerárgötu 34

Rofi

Kringlumýri 1

Samherji

Glerárgötu 30

Sjómannaþlaðið Víkingur

Byggðarvegur 101b

Verkstjórafélag Akureyrar og

nágrennis

Furuvöllum 13 - 2.hæð

Dalvík

G. Ben. Útgerðarfélag
Ægisgötu 3

Hýbýlamálun

Reynihólar 4

Sportferðir Ferðaskrifstofa -

www.sportferdir.is

Ytri Vík

Ólafsfjörður

Íþróttamiðstöð Fjallabyggðar
Ólafsvægi 4

Hrísey

Veitingahúsið Brekka www.
brekkahrisey.is
Brekkgötu 5

Húsavík

AS - verk
Ketilsbraut 5
Heiðarbær veitingar sf.
Reykjahverfi

Hóll

Höfða 11

Höfðavélar

Höfða 1

Norðurlax

Laxamýri

Skóbúð Húsavíkur

Garðarsbraut 13

Tjörneshreppur

Ytri - Tungu

Trésmiðjan Rein

Rein

Veitingahúsið Salka

Garðarsbraut 6

Víkurráð

Garðarsbraut 18a

Öskuskóli Húsavíkur

Túngötu 1



SÍÐUMÚLA 17
SÍMI: 588 1213



www.kfc.is





Geirlaug D. Oddsdóttir, iðjupjálfi

Jafnvægi er lífsstíll

Sagan um Lísu

Hlutverk iðjupjálfunar í meðferð á offitu- og næringarsviði Reykjalundar er margþætt. Skjólstæðingar búa í langflestum tilfellum við mikið ójafnvægi í sínu lífi. Þeir upplifa mikla óreiðu, eiga erfitt með að skipuleggja sig hvort sem er varðandi mat, hreyfingu, fjölskyldu, áhugamál eða vinnu.

Skipulagt jafnvægi

Skjólstæðingar hitta iðjupjálfa bæði í hópum og einstaklingsviðtölum á göngudeild þar sem unnið er með skipulag í daglegu lífi og farið yfir matardagbók. Hver hópur samanstendur af 3-4 skjólstæðingum. Þeir fá fræðslu um markmið og mikilvægi þess að setja sér markmið og vinna eftir þeim. Í fræðslunni er þeim gerð grein fyrir mikilvægi þess að vera með markmið að vinna eftir þegar lífstílsbreyting á sér stað. Einnig er lögð áhersla á að fólk geri sér grein fyrir að þetta sé ekki enn einn kúrin, heldur restin af lífinu. Hver sé fórnarkostnaður og ávinningur þess að breyta venjum og hvort þau séu tilbúin að fara í þessa lífsstílsbreytingu og setja sig í fyrsta sætið og vinna í sínum málum. Sumir þurfa að auki íhlutun í formi einstaklingsviðtala, en það eru yfirleitt þeir sem eru verr staddir og þurfa aðstoð við skipulag, markmiðasetningu og fleira.

Í fimm vikna innlögnum sér iðjupjálfi um fræðslu um jafnvægi í daglegu lífi. Skjólstæðingar taka þátt í verslunarferð með iðjupjálfa, þar sem fer fram fræðsla á vettvangi um innihaldslýsingu matvara og gæði. Þeir elda einu sinni á tíma-bílinu og eiga kost á því að taka þátt í vinnu-smíðju á iðjupjálfunardeildinni, þar sem tækifæri gefst til að prófa ýmiss konar handverk í samveru með öðrum (æfa samskipti, rjúfa einangrun, finna ný áhugamál ofl.)

Lísa fer í meðferð

Til að gefa gleggri mynd af þjónustu iðjupjálfa í offitu- og næringarteyminu kemur hér saga

Lísa. Hún er 40 ára, býr með eiginmanni sínum og þremur börnum á aldrinum 8, 12 og 15 ára í fimm herbergja íbúð á einni hæð. Hún hefur unnið hlutavinnu á skrifstofu undanfarin 6 ár.

Lísa kom ásamt þremur öðrum í hópatíma á göngudeild, þar sem hún setti sér skammtíma markmið. Hún vildi m.a. skipuleggja sig betur, minnka óreiðuna á heimilinu og byrja að stunda áhugamál. Lísa fékk síðan einstaklingstíma á göngudeild til að fá stuðning við að fylgja þessum markmiðum eftir.

Í göngudeildarviðtalinu fyllti Lísa út sérstakan spurningalista, sem hjálpaði henni að fá yfirsýn yfir hvar vandinn lægi. Í ljós kom að hún á í erfiðleikum með að einbeita sér, halda reiðu á matartímum og hreyfingu, átti erfitt með að slaka á og eiga ánægjustundir með fjölskyldunni og sjálfri sér. Daglegar venjur Lísu einkenndust af óreiðu og skipulagsleysi. Hún átti erfitt með að vinna eftir markmiðum sínum og hafði ekki mikla trú á eigin áhrifamætti. Hún kvaðst einnig hafa gefið áhugamál sín upp á bátinn vegna tímaleysis og kvíða. Hún var farin að einangra sig heima, leið ekki vel innan um aðra, hvort sem það voru nánir vinir eða fjölskylda.

Forgangsröðun

Í kjölfarið forgangsráðaði Lísa því sem henni fannst mikilvægast að byrja að vinna með, en það var mataræðið, hreyfingin, heilsan, skipulag, áhugamálin og fjölskyldan. Við skoðuðum betur hvar hún gæti byrjað, hún hafði sett sér markmið í fyrsta hóptímanum og ákvað hún að hún vildi halda þeim og vinna áfram með þau.

Lísa var byrjuð að skoða í hvað hún varði tíma sínum. Hún fékk með sér heimaverkefni, iðju-hjólið þar sem skoðað er hvernig tímanum er varið í einn sólarhring. Hún ætlaði að halda fjölskyldufund til að upplýsa um markmið sín og virkja heimafólk sitt við heimilisstörf, sem hún var von að sinna sjálf. Þannig ætlaði hún að skapa

Þetta er ekki enn einn kúrin, heldur restin af lífinu. Lísa þurfti að setja sér markmið og koma reiðu á líf sitt.

sjálfri sér svigrúm til að vinna að markmiðum sínum. Þegar hún kom viku seinna skoðuðum við iðjuhljóði hennar og hún bjó til stundaskrá, sem innihélt matartíma, hreyfinguna, heimilishaldið, tíma fyrir sjálfa sig og áhugamálin, en þau vildi hún gjarnan fá inn aftur og lagði áherslu á það.

Þegar við skoðuðum vikuna og í hvað tími hennar fór, kom í ljós að mörgum tímum var eytt fyrir framan sjónvarp/tölvu og í önnur verk sem ekki voru henni mikilvæg. Lísu fannst mjög gagnlegt að skoða svart á hvítu í hvað hún eyddi tíma sínum. Hún raðaði inn í stundaskrána og sá þá hvernig skipulagið var fyrir vikuna. Hún taldi að þetta myndi auðvelda sér að halda áfram og byrja á að fylla út í matardagbókina, sem henni fannst of flókið þegar allt annað var í óreiðu. Hún ákvað að setja hreyfingu inn á stundatöfluna, valdi sér tíma í leikfimi og ætlaði einnig að synda.

Tveim vikum seinna kom Lísa aftur í göngudeildarviðtal og hafði þá fylgt stundaskránni í þann tíma. Hún sagði að það hefði kostað smá átök að fylgja henni eftir svona mörg ár í óreiðu, og hún fann að stundaskráin hjálpaði henni markvisst að ná settum markmiðum. Hún var byrjuð að fylla út í matardagbók og skráði niður allt samviskulega, hún gerði það í tölvu og sendi dagbókina áður en hún kom til iðjuþjálfara í göngudeildarviðtal. Lísa var byrjuð að hreyfa sig reglulega og var hún sátt við það. Hún var farin að taka áhugamál sín aftur upp og gaf sér tvo tíma tvisvar í viku að mála, sem hún gerði mikið af áður en börnin komu til sögunnar. Á fjölskyldufundinum sem hún hélt ákvað heimilisfólkið að þau vildu gera eitthvað saman og völdu þriðjudagskvöld þar sem meðlimir skiptust á um að elda og svo var haldið spilakvöld. Lísa bjóst ekki við að börnin myndu samþykkja þetta en þeim fannst hugmyndin góð og vildu prófa þetta.

Lísa hélt áfram að koma á göngudeildina næstu 3 mánuði þar sem hún var að fínþússa og vinna með markmiðin sín. Eftir þessa 3 mánuði var hún til viðbótar við allar lagfæringar í lífsháttum sínum búin að léttast um 7% frá byrjun göngudeildar-meðferðar.

Fimm vikna dvölin

Í fimm vikna dvölinni fékk hún stundaskrá og var hún hér alla daga vikunnar. Hún kom í vinnusmiðju í iðjuþjálfun, en þar gafst henni möguleiki á að finna sér ný áhugamál til að taka með heim til sín. Einnig gafst henni tími að vera með öðrum í sömu stöðu og vinna með félagslega þáttinn þar sem hún hafði einangrað sig mikið heima undanfarin ár.

Í innlögninni fékk Lísa fræðslu um jafnvægi í daglegu lífi þar sem farið er í streitu og streituvíðbrögð, markmiðasetningu, forgangsröðun og tímastjórnun. Hún tók þátt í að elda máltíð og fór með í Krónuna til að læra að lesa innihaldslýsingar og verða meðvitaðri um

Salat Barinn
Sími 588 0222 • Faxafeni 9 • 108 Reykjavík
salatbarinn@salatbarinn.is • www.salatbarinn.is

...ferskasti barinn í bænum

Hlaðborð • Salöt og súpur • Lágmark þrír heitir réttir • Kaffi og te

Nýir eigendur, nýjar áherslur

Hópaafsláttur | Take away | Hot Spot

næringargildi matvöru og gæði hráefna.

Eftir útskrift í fimm vikna prógramminu hélt Lísa áfram að koma til iðjuþjálfara í stuðningsviðtöl, þar sem henni fannst hún ekki alveg vera tilbúin að takast á við allt sjálf þegar hún kæmi heim aftur. Hún kom einu sinni í mánuði í stuðningsviðtölin eða þar til hún kom aftur í þriggja vikna innlögn eftir 6 mánuði heima. Þá var hún búin að festa bætt skipulag í sessi og ætlaði hún að halda áfram að setja sér markmið og nýta sér stundaskrá svo hún myndi ekki missa tókin aftur í daglegu lífi sínu.

Sjálfsögðu hlutirnir

Í iðjuþjálfun felst sérþekking á daglegum athöfnum fólks. Þá er átt við allt sem það innir af hendi dags daglega í þeim tilgangi að annast sig og sína, vinna ýmis störf er nýtast samfélaginu og njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Þótt þessi viðfangsefni virðist sjálfsögð og einföld fyrir flesta geta þau verið erfið og jafnvel óyfirstíganleg fyrir marga, þar sem oft á tíðum ríkir mikil óreiða hvað varðar mataræði, hreyfingu og allt skipulag. Í þessum tilvikum getur iðjuþjálfari í offitu- og næringarteyminu komið inn í myndina og hjálpað skjólstæðingnum með skipulag í daglegu lífi og aðstoðað hann við að setja upp stundaskrá til að brjóta upp gamlar venjur og móta nýjar. **SÍBS**

Lísa hafði nú tekið upp gömul áhugamál og var farin að hreyfa sig reglulega.



Guðlaugur Birgisson, sjúkraþjálfari
og Hjalti Kristjánsson, heilsupjálfi

Hreyfing er grundvallaratriði

Hreyfing gegnir mjög mikilvægu hlutverki í offitumeðferð Reykjalundar. Fljótlega eftir fyrsta viðtal hjá lækni er skjólstæðingurinn látinn taka hámarksþolpróf á þrekhljóli. Í prófinu er fylgst vel með viðbrögðum hjarta- og æðakerfis, s.s. púls, blóðþrýstingi o.fl. Þegar niðurstaða prófsins liggur fyrir er betur hægt að meta líkamleg afköst og sníða skynsama þjálfunaráætlun. Í kjölfarið er sett upp áætlun um reglubundna hreyfingu í samráði við þann sem í hlut á. Þess má geta að þeir sem sérstaklega þurfa á stuðningi að halda varðandi þjálfun mæta reglulega í viðtöl til sjúkraþjálfara eða heilsupjálfa á göngudeildinni.

Rólega af stað

Líkamlegt ástand fólks sem til okkar leitar er oft afar lélegt í upphafi og takmörkuð reglubundin hreyfing í gangi. Þess vegna er æskilegt fyrir marga að fara rólega af stað með þjálfun. Þannig er í mörgum tilvikum nóg til að byrja með að komast í gang með hreyfingu þrisvar sinnum í viku. Ef fólk heldur þessa reglu um tíma er það viss sigur og sjálfsagt að auka hreyfinguna með tímanum. Þannig komast flestir í gang með

hreyfinguna á göngudeild og eru því tilbúnari en ella að takast á við dagdeildarmeðferðina.

Í dagdeildarmeðferðunum er margvísleg hreyfing í boði og markvisst reynt að kynna sem fjölbreyttasta hreyfingu. Þetta er liður í að auka líkur á að allir finni hreyfiform við sitt hæfi, sem þeir geta síðan stundað eftir meðferðina.

Einstaklingur og hópur

Eftirfarandi hreyfing er í boði í dagdeildarmeðferðinni: Leikfimi (dýnuæfingar, þolhringir, styrktarhringir, leikir ofl.), vatnsleikfimi, sund, ganga, fjallganga, badminton, stafaganga, golf, folf (frísbígolf), skíðaganga, þjálfun í tækjasal, reiðhjól og bátþjálfun á Hafravatni. Eins og sést á þessari upptalningu er sumt árstíðabundið, s.s. skíði, golf og bátar, og tekur meðferðin mið af því.

Enda þótt dagdeildarmeðferðin teljist hópmeðferð og þjálfun mikið byggð upp sem slík er samt sem áður lögð rík áhersla á einstaklingsbundna nálgun í þjálfuninni. Þannig fer sjúkraþjálfari yfir hreyfisögu og metur líkamlegt ástand hvers og eins með það að leiðarljósi að allir fái þjálfun við hæfi. Að því loknu er fundið skynsamlegt þjálfunarálag sem tekur mið af getu hans.

Þeir sem þurfa meiri einstaklingsaðstoð varðandi þjálfun og aðhald fá hana hjá sjúkraþjálfara eða heilsupjálfa. Í þessu sambandi má nefna dæmi varðandi vatnsþjálfun, þ.e. þegar sumir eru vatnshræddir. Algengt er að tekið sé á þeirri hræðslu með aðstoð heilsupjálfa í sundlauginni. Annað dæmi um sérmeðferð er meðferð við stoðkerfisverkjum. Offeittum einstaklingum er hætt við verkjum í þungaberandi liðum s.s. í mjóbaki, mjöðmum, hnjám og ökklum. Í þeim tilvikum er fólk vísað til sjúkraþjálfara sem leggur mat á ástandið og veitir meðferð sem hæfir. Ennfremur fá allir sérstaka fræðslu hjá sjúkraþjálfara um gildi hreyfingar og um þjálfun



Lánamöguleikar vegna sérparfa:

- Hámarksupphæð 8 milljónir
- Fastir vextir án uppgreiðsluákvæðis
- Lántökugjald 0,5% af lánsupphæðinni

- 90% af kaupverði eða byggingarkostnaði
- 90% af viðbótar- og endurbótakostnaði

Aukalán vegna sérparfa

Þeir sem hafa skerta starfsorku, eru fatlaðir eða hreyfihamlaðir geta fengið aukalán til að gera breytingar á íbúðarhúsnæði eða til að kaupa eða byggja húsnæði vegna sérparfa sinna. Lánið kemur til viðbótar 20 milljóna króna hámarksláni Íbúðalánasjóðs eða öðrum fasteignaveðlánum að hámarki 20 milljónum. Einnig er heimilt að veita aukalán til forsvarsmanna þeirra sem búa við sérparfir.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs www.ils.is, ils@ils.is eða í síma 569 6900 og 800 6969.

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími : 569 6900, 800 6969



sem tekur við eftir útskrift. Ýmis próf sem meta ástand og árangur af þjálfun í offitumeðferðinni eru framkvæmd með reglulegu millibili. Þar má nefna fitumælingu, 6 mínútna göngupróf, 2 km göngupróf, vigtun, mittismál og fleira.

Fyrsta flokks aðstaða


Öll aðstaða til þjálfunar hér á Reykjalundi er til fyrirmyndar. Árið 2001 var nýtt þjálfunarhús tekið í notkun. Þar innandyra má finna íþróttasal í stærð sem hentar starfseminni vel, tvær sundlaugar; önnur 25 metra til sundiðkunar og hin hlýrri og minni til vatnsæfinga og kennslu. Að auki er á efri hæð tækjasalur sem er vel búinn þjálfunartækjum.

Reykjalundur er ákaflega vel í sveit settur þegar kemur að hreyfingu og útiveru. Fallegar gönguleiðir, hæfilega stór fjöll, töluvert skóglendi ásamt nálægð við Hafravatn gerir Reykjalund að óskastað fyrir virka endurhæfingu. Það má með sanni segja að fellin í kringum Reykjalund: Helgafell, Reykjafell og Reykjaborgin séu nánast klæðskerasniðin fyrir suma skjólstæðinga okkar. Það er alltaf farið á eitt fell fyrir þá sem treysta sér í seinni dagdeildarmeðferðinni og einmitt þar

vinnur fólk oft stóran sigur í baráttunni fyrir betra lífi og lífstíl.

Áfram áfram

Mjög mikilvægt er að fólk haldi þjálfun áfram eftir að dvölinni líkur hjá okkur. Við leggjum mikið upp úr því að fólk finni sér þá tegund hreyfingar sem það hefur gaman af. Badminton hefur t.a.m. verið mjög vinsælt hjá okkar hópum og gaman að sjá fólk upplifa hreyfingu sem skemmtilegan leik. Þetta hefur leitt til þess að ýmsir skjólstæðingar okkar hafa byrjað að stunda badminton með vinum og fjölskyldu eftir dvölinna hér.

Fyrir þá sem eru metnaðarfullir og kappsamir er oft gott að minna á að fara ekki of geyst í þjálfuninni heima. Gæta þarf hófs og ætla sér ekki of mikið, því annars er hætta á að margir gefist upp þegar á reynir. Best er að hafa fast hreyfiskipulag fyrir vikuna og njóta þess að rækta sjálfan sig. Líkaminn þarf á reglulegri hreyfingu að halda og með góðri ástundun hennar líður fólk betur, sem gerir það vel í stakk búið til takast á við lífið og þær lífstílsbreytingar sem það sækist eftir. 

Reykjalundur er ákaflega vel í sveit settur þegar kemur að hreyfingu og útiveru



Harpa Ásdís Sigfúsdóttir, félagsráðgjafi og Helma Rut Einarsdóttir, sálfræðingur

Hugsanir, hegðun og tilfinningar

Meðferðin sem veitt er á offitu- og næringarsviði Reykjalundar hefur frá upphafi verið atferlismeðferð. Atferlismeðferðir við offitu, stundum nefndar lífsstílsmeðferðir komu fyrst fram á sjöunda áratugnum og hafa verið í stöðugri þróun síðan þá. Hefðbundin atferlismeðferð tekur á mataræði (s.s. matardagbók, næring matvæla, fækkun hitaæininga), hreyfingu (s.s. aukin hreyfing, fræðsla um áhrif hreyfingar) og svo er unnið með ýmsa þætti tengda atferli (s.s. takast á við áreiti í umhverfinu sem auka löngun í mat, lausnamiðuð nálgun kennd o.fl.).

Andlegir þættir

Á síðustu árum hefur þróunin í offitumeðferð verið í þá átt að leggja meiri áherslu á andlega þætti auk mataræðis, hreyfingar og atferlis. Margar rannsóknir hafa sýnt góðan árangur hugrænnar atferlismeðferðar (HAM) við ofþyngd og þá sérstaklega að hún auki langtímaárangur meðferðarinnar, þ.e. að einstaklingar nái frekar að viðhalda því þyngdartapi sem náðst hefur eftir HAM miðað við hefðbundna atferlismeðferð.

Í offitumeðferðinni á Reykjalundi hefur vægi sálfræðilegrar vinnu aukist undanfarin ár og gert er ráð fyrir að enn meiri áhersla verði lögð á þann þátt í framtíðinni. Í upphafi meðferðar eru lagðir fyrir spurningalistar sem meta andlega líðan. Þeim einstaklingum sem skora hátt á þeim listum, og/eða það kemur í ljós í forskoðunarviðtali að um andlega vanlíðan sé að ræða, er vísað í viðeigandi úrræði til að taka á því. Ennfremur er töluverð áhersla í meðferðinni (sem allir fá) á að vinna með andlega líðan (s.s.

sjálfstyrkingartímar, farið í grunnlögmál HAM, þjálfun svengdarvitundar, slökun, jafnvægi í daglegu lífi o.fl.).

Þegar um andlega vanlíðan er að ræða hjá skjólstæðingum eru algengustu kvillarnir þunglyndi og *kvíði*, sem er ekki skritið þar sem tíðni þessara kvilla er jafnframt há í almennu þýði. Gera má ráð fyrir að allt að fjórða hver kona (10-25%) og áttundi hver karlmaður (5-12%) þjáist af þunglyndi einhvern tíma á ævi sinni og um 45% fólks þjáist af alvarlegum kvíða einhvern tíma á ævi sinni. Talið er að eingöngu 1 af hverjum 4 sem þjáist af þunglyndi leiti sér hjálpar.

Í rannsókn sem gerð var á offitu- og næringarsviðinu fyrir nokkrum árum kom fram að um 46% skjólstæðinga voru með miðlungs- og alvarleg þunglyndiseinkenni og um 36% með miðlungs- eða alvarleg kvíðaeinkenni (skoðaðir voru allir þeir sem komu á sviðið á eins árs tímabili). Algeng einkenni þunglyndis eru dapurleiki, þreyta, minnkuð virkni, lágt sjálfsmat, óeðlileg sjálfsgagnrýni, skerðing á einbeitingu eða ákvarðanatöku, breytingar á matarlyst/líkamsþyngd og svefntruflanir. Algeng einkenni kvíða eru áhyggjur, svefnleysi, niðurgangur, sviti, vöðvaspenna, skjálfti, þreyta, tíð þvaglát, eirðarleysi, einbeitingarleysi og pirringur.

Allir í HAM

Sú meðferð sem er veitt á offitu- og næringarsviðinu þegar um andlega vanlíðan er að ræða er einkum *hugræn atferlismeðferð*. Eins og komið hefur fram fá jafnframt allir skjólstæðingar

45% fólks þjáist af alvarlegum kvíða einhvern tíma á ævinni. Kvíðameðferð er oft árangursrík við ofþyngd.



Fagleg og persónuleg þjónusta

Jóhanna Runólfssdóttir sjúkraliði, leiðbeinir skjólstæðingum TR, einstaklingum með þvagleka og aðstandendum þeirra og veitir ráðgjöf varðandi hjúkrunarvörur.



Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RV Unique 150210



Hafðu samband og við sendum þér nýja TENA bæklinginn.



sviðsins (hvort sem um andlega vanlíðan eða ekki er að ræða) fræðslu um grunnlögmál HAM án þess að um eiginlega meðferð sé að ræða. Hugræn atferlismeðferð byggir á þeirri grunnhugmynd að tengsl séu á milli hugsana, tilfinninga og hegðunar. Það er ekki atburður sem slíkur sem hefur áhrif á líðan heldur hvernig hann er túlkaður og hvernig er brugðist við honum. Í meðferðinni fær einstaklingur í hendur verkfæri til að greina á milli þessara þátta og skilja hvernig þeir virka hver á annan. Á þann hátt uppgötvar hann hvernig hægt er að hafa áhrif á líðan sína (og þar með oft hegðun) með því að taka eftir, skoða og vinna með hugsanamynstur sitt. Einnig eru notuð verkfæri til að skoða hegðun og áhrif hennar á líðan og hugsanir.

Önnur meðferðarnálgun sem byggir á hugrænni atferlismeðferð er þjálfun svengdarvitundar (appetite awareness training) sem jafnframt er notuð í meðferðinni á Reykjalundi. Hún felst í þjálfun í að fara eftir merkjum líkamans um

svengd og seddu, og að verða meðvitaðri um hvort um sé að ræða raunverulega svengd eða „tilfinningasvengd“. Rannsóknir hafa sýnt góðan árangur hennar við að hjálpa fólki að taka upp heilbrigðari lífsstíl og léttast.

Félagslegir þættir

Í meðferðinni er einnig tekið á *félagslegum þáttum* eins og fjárhag, atvinnu og fjölskyldu-erfiðleikum. Það hefur sýnt sig að fólk á erfitt með að nýta sér endurhæfingu ef grunnþarfir eru ekki fullnægjandi, t.a.m. fjárhagur. Oft er hægt að leysa fjárhagsvandamál í meðferðinni, t.d. með því að sækja um viðeigandi framfærslu, en ef vandinn er orðinn mikill er viðkomandi vísað í viðeigandi úrræði. Sama má segja um erfiðleika í fjölskyldum, ýmist er unnið með þá innan Reykjalundar eða fjölskyldunni vísað í önnur úrræði. Í öllum tilfellum, hver sem vandinn er, er reynt eftir megni að finna þau úrræði sem best henta, innan eða utan Reykjalundar. **SÍBS**

Við lærum að aðgreina raunverulega svengd og „tilfinningasvengd“.





Ludvig Guðmundsson, yfirlæknir og
Guðrún Jóna Bragadóttir, næringarfræðingur

Hollt og gott á Reykjalundi

Skýr stefna í manneldis- og næringarmálum er hornsteinn endurhæfingur. Holl og fjölbreytt fæða er ein af megin undirstöðum heilbrigðis. Manneldismál eru því mjög mikilvæg þegar tekist er á við heilbrigðisvandamál og ekki minnst í endurhæfingu eftir sjúkdóma. Mikilvægt er að á jafn virtri endurhæfingastofnun sem Reykjalundi sé gott mótuneyti. Fylgja verður viðurkenndri stefnu í manneldis- og næringarmálum og líta á mótuneytið og næringarframboð sem hluta af faglegri starfsemi. Vissulega getur Reykjalundur hreykt sér af metnaðarfullri stefnu og því að vera til fyrirmyndar í þessum efnum.

Í ársbyrjun 2004 voru gerðar gagngerar breytingar á matseðli og manneldisteymi stofnað. Meginmarkmið þess hefur alltaf verið skýrt: að marka skýra stefnu í manneldis- og næringarmálum Reykjalundar. Lögð hefur verið áhersla á að halda vörð um þá stefnu sem er í fullu samræmi við opinberar ráðleggingar.

Þrátt fyrir metnaðarfulla stefnu starfar einungis einn næringarfræðingur í 100% starfi. Mikilvægt er að marka sér framtíðarsýn og hafa undirrituð lagt áherslu á að auka veg næringarfræðinnar innan stofnunarinnar. Samstarf Reykjalundar og Næringarstofu Lsh og RÍN, (rannsóknarstofa í næringarfræði) er liður í þeirri framtíðarsýn.


Eins og áður hefur komið fram er mataræðið mjög mikilvægur þáttur í endurhæfingu. Skortur á næringar- og orkuefnum dregur verulega úr hæfni líkamans til að ná bata eftir erfið veikindi, áföll og slyss af ýmsum toga.

Í ljósi þess að skjólstæðingar Reykjalundar eru í auknum mæli ungt fólk og fólk í ofþyngd er gríðarlega mikilvægt að huga að mataræðinu hjá þessum hópi. Einnig er mikilvægt að huga að næringarástandi fólks þrátt fyrir ofþyngd. Sýnt hefur verið fram á vannæringu meðal fólks í ofþyngd og því mikilvægt að hafa í huga að þyngdin segir ekki allt um næringarástand fólks.

Í matsal Reykjalundar er alltaf viðmiðunardiskur



sem skjólstæðingar geta haft til hliðsjónar þegar þeir skammta sér mat. Einnig eru upplýsingar um hitaeningainnihald máltíðarinnar sem auðvelda skjólstæðingum að gera matarskráningu. Slíkar skráningar eru mjög gagnlegar og hjálpa til við að fá yfirsýn yfir hvað borðað er yfir daginn. Síðastliðið sumar var gerð ný úttekt á mótuneyti Reykjalundar. Um var að ræða sérverkefni til BS gráðu unnið af Áróru Rós Ingadóttur. Leiðbeinendur voru Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands og Guðrún Jóna Bragadóttir, næringarfræðingur Reykjalundar. Helsta niðurstaða höfundar var að upplýsingar frá viðmiðunarblaði væru í góðu samræmi við það sem var viktað á viðmiðunardiskana.

Reykjalundur mun áfram leggja áherslu á að vera til fyrirmyndar og bjóða upp á næringarríkan og hollan mat. Skjólstæðingar staðarins hafa nægan og góðan aðgang að slíku fæði meðan á dvöl þeirra stendur. Almenn ánægja ríkir um matinn sem í boði er, bæði meðal skjólstæðinga og starfsmanna. Gera verður ráð fyrir að einhugur ríki meðal stjórnenda og starfsfólks Reykjalundar að fylgja áður nefndri stefnu. Að starfsfólk Reykjalundar sé vel upplýst um mikilvægi hollrar og næringarríkrar fæðu og komi þeim skilaboðum til skjólstæðinga Reykjalundar. Framtíðarsýnin er björt og um leið spennandi. 

Viðmiðunardiskur er hafður til hliðsjónar þegar fólk skammtar sér mat.

Pökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning við málstað SÍBS

Laugar

Pingeyjarsveit
Kjarna

Reykjahlið

Eldá
Helluhrauni 15
Hlið ferðapjónusta
Mývatnssveit
Kvenfélag Mývatnssveitar
Garði 3

Kópasker

Búðin Kópaskeri
Bakkagötu 10
Röndin
Röndinni 5

Pórshöfn

Geir
Sunnuvegi 3

Vopnafjörður

Mælifell
Háholti 2

Egilsstaðir

Bílamálun Egilsstöðum
Fagradalsbraut 21-23
Bílaverkstæði Austurlands
Miðási 2
Bókráð, bókhald og ráðgjöf
Miðvangi 2-4
Dagsverk
Við Vallarveg
Fellabakari
Lagarfelli 4, Fellabæ
Miðás
Miðási 9
Rafey
Miðási 11
Skriðuklaustur-Gunnarsstofnun
Skriðuklaustri
Tindaberg
Randabergi v/Eiðaveg
Verslunin Skógar
Dynskógum 4

Seyðisfjörður

Jón Hilmar Jónsson -
Rafverktaki
Árstíg 11
Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargötu 44
Gullberg
Langatanga 5

Reyðarfjörður

Launafi
Hrauni 3

Neskaupstaður

Árni Sveinbjörnsson
Urðarteigi 27
Bólstrun Halldórs Ásgeirssonar
Blómsturvöllum 15
Fjarðalagnir
Nesbakka 14

Tónspil

Hafnarbraut 22

Fáskrúðsfjörður

Loðnuvinnslan
Skólavegi 59

Stöðvarfjörður

Steinasafn Petru - Fjarðarbraut
31 - www.steinapetra.is
Fjarðarbraut 21

Höfn

Ferðapjónustan Gerði
Gerði og Hrollaugsstöðum
Funi - Sorphreinsun
Ártúni
Jökulsárlón
Kirkjubraut 7
Málningarþjónusta Hornarfjarðar
sf.
Vikurbraut 5

Selfoss

Árvirkinn
Eyravegi 32
Bakkaverk
Dverghólum 20
Bifreiðaverkstæðið Klettur
Hrísmýri 3
Bjarnabúð
Brautarhóli
Biskupst
Bókaútgáfan Björk
Birkivöllum 30
Byggingafélagið Laski
Bakkatjörn 7
E.B. Kerfi
Hrísmýri 6

Efnalaug Suðurlands

Austurvegi 56
Félag opinberra starfsmanna á
Suðurlandi
Austurvegi 38
Flóahreppur
Pingborg
Fossvélar
Hellismýri 7
Fræðslunet Suðurlands
Tryggvagötu 25
Græni hlekkurinn
Akri
Héraðsdómur Suðurlands
Austurvegur 4
Holræsa- og stíflupjónusta
suðurlands
Miðtúni 14
Múrfag
Starmói 3
Pakkhúsið
Austurvegi 2b
Rafvélaþjónusta Selfoss
Eyravegi 32
Reykhúsið Útey - www.utey.is
Útey 1

Ræktunarsamband Flóa og

Skeiða
Gagnheiði 35
Set
Eyravegi 41
Veitingastaðurinn Menam
Eyravegi 8
Vörubílstjórafélagið Mjólnir
Hrísmýri 1

Hveragerði

BP Skrúðgarðar
Kambahrauni 53
Eldhestar - Vellir Ölfusi
Völlum, Ölfusi
Garðyrkjustöð Ingibjargar
Heiðmörk 31
Heilsustofnun N.L.F.Í.
Grænumörk 10

Porlákshöfn

Fiskmark
Hafnarskeiði 21
Hreingerningapjónusta
Suðurlands
Klébergi 13
Ísfélag Porlákshafnar
Hafnarskeiði 12
Landsbanki Íslands
Hafnarbergi 1
Porlákshafnarkirkja
Setberg 10

Stokkseyri

Durinn - www.durinn.is
Ólafsvöllum 3
Pétur Ragnar Sveinsson
Heiðarbrún 20

Flúðir

Flúðafiskur
Borgarási
Flúðasveppir
Undirheimum
Fögrusteinar
Birtingarholti 4

Hella

Gróðrastöð Birgis
Hrafnóttum
Hestvit
Árbakka
Kvenfélag Oddakirkju
Prúðvangi 27
Suður-profastdæmi
Fellsmúla
Varahlutaverslun Björns
Jóhannssonar
Lyngási 5, Box 1
Vörufell
Rangárbakka II
Hvolsvöllur
Búaðföng/bu.is
Stórólfsvelli
Héraðsbókasafn Rangæinga
Vallarbraut 16 Box 20

Krappi


Ormsvelli 5
Kvenfélagið Bergþóra í
Landeyjum
Eystra-Filholti
Nínukot
Stóragerði 8

Vík

B.V.T.
Austurvegi 15
Gistihúsið Garðar
Görðum
Hótel Höfðabrekka
Höfðabrekku

Vestmannaeyjar

Alþríf
Strengubata 12
Bessi
Sóleyjargötu 8 Box 7
Bílaverkstæði Sigurjóns
Flötum 20
Bókasafn Vestmannaeyja
Box 20
Frár
Hásteinsvegi 49
Heimaey þjónustuver
Pósthólf 248
Huginn
Kirkjuvegi 23
Ísfélag Vestmannaeyja
Strandvegi 28
Kaffi María - Brandur
Skólavegi 1
Karl Kristmanns - umboðs- og
heildverslun
Ofanleitisvegi 15-19
Miðstöðin
Strandvegi 30
Pétursey
Flötum 31
RKÍ Vestmannaeyjadeild
Hilmisgötu 11 Arnardrangu
Slökkvitækjapjónusta
Vestmannaeyja
Vesturvegi 40
Stígandi
Básaskersbryggju 3
Teiknistofa Páls
Zóphóniassonar
Kirkjuvegi 23
Trésmiðaverkstæðið Örn
Strandvegi 69
Vestmannaeyjabær
Kirkjuvegi 50
Vestmannaeyjahöfn bt Sveinn
Valgeirsson
Básaskersbryggju
Vélaverkstæðið Þór
Norðursundi 9
Volare - www.gjafavara.is
Vesturvegi 10
Þekkingasetur Vestmannaeyja
Strandvegi 50



Samstarfshópur um líffæragjafir stofnaður

SÍBS hefur stofnað samstarfshópinn **Annað líf** ásamt sjúklingasamtökunum Hjartaheillum, Félagi nýrnasjúkra og Samtökum lungna-sjúklinga. Hópurinn hefur það að markmiði að efla umræðu um líffæragjafir og fá samþykkt á Alþingi lög um „ætlað samþykki“ fyrir líffæragjöfum, en ætlað samþykki felur í sér að einstaklingar eru sjálfkrafa líffæragjafir nema þeir óski annars.

Fjöldi Íslendinga hefur öðlast annað líf eftir að hafa þegið líffæri. Íslendingar hafa þó ekki enn fetað í fótspor þeirra Norðurlandabjóða og Evrópuríkja, sem lögleitt hafa ætlað samþykki fyrir líffæragjöfum.

Ætlað samþykki léttir aðstandendum ákvarðanatökuna þegar þeir standa frammi fyrir því hvort gefa eigi líffæri úr látnum einstaklingi, án þess að taka ákvörðunarvaldið úr þeirra höndum fyrir hönd hins látna. Ætlað samþykki eykur einnig á skilning og stuðlar að jákvæðri umræðu um líffæragjöf. Loks telur samstarfshópurinn að löggjöf um ætlað samþykki stuðli að aukinni skilvirkni og einfaldara regluverki.



Annað líf mun gangast fyrir fjölmiðla- og fræðsluáttaki um líffæragjafir, sem nær hápunkti í málþingi um líffæragjafir í febrúar næstkomandi, þar sem fagfólk, líffæraþegar, -gjafir og aðstandendur munu taka þátt.

Samstarfshópurinn hittist í SÍBS-húsinu að Síðumúla 6 í Reykjavík á þriðjudagsmorgnum klukkan 9:30.



<http://www.wtg2013.com>

Heimsleikar líffæraþega

verða haldnir í Durban í Suður Afríku dagana 28. júlí til 4. ágúst 2013.

Undirritaður auglýsir hér með eftir áhugasömum líffæraþegum sem myndu vilja taka þátt í heimsleikunum.

Kjartan Birgisson, hjartaþegi

Póstfang: hjarta@hjartaheill.is



Láttu skynsemina ráða

Decubal ecological eru lífrænt vottaðar og Svansmerktar húðvörur

- Body Cream rakagefandi líkamskrem
- Hand Cream mýkjandi handáburður
- Body Lotion létt húðmjólk
- Face Cream nærandi andlitskrem

Decubal Ecological húðvörurnar henta sérlega vel þurri og viðkvæmri húð og fást í apótekum

DECUBAL 
ECOLOGICAL

Án:

- parabena
- ilmefta
- litarefta





Þegar ég verð stór
ætla ég að verða
fallhlífarstökkvari

Mun astminn koma í veg fyrir
að draumar hans rætist?